

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um stöðu jafnréttismála í utanríkispjónustunni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess erlendis? Ef svo er, hvenær var það gert og hvernig er áætluninni fylgt eftir?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?
5. Hversu margir
 - a. starfa sem sendiráðsritarar,
 - b. starfa sem sendiráðunautar,
 - c. starfa sem sendifulltrúar,
 - d. eru í starfi sendiherraog hvernig skiptast þeir eftir kynjum?
6. Fara þeir einstaklingar sem gegna þessum stöðum í sérstök hæfnispróf áður en stöðurnar eru veittar?

Skriflegt svar óskast.
